

Sjöundi fundur haldinn á Breiðabliki fimmtudaginn 17. maí 2018 kl. 21:00

Eggert Kjartansson, Atli Sveinn Svansson, Gísli Guðmundsson, Halldór Jónsson og Katrín Gísladóttir sem ritar fundargerð.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Oddviti leitar leitar frávika frá dagskrá vegna liða 4 til 7, það samþykkt.

Dagskrá:

1. Kjörskrá vegna sveitarstjórnarkosninganna 26. maí lögð fram og yfirfarin af hreppsnefnd. Á kjörskrá eru 92, 45 karlar og 47 konur. Samþykkt samhljóða.
2. Framkvæmdir í Breiðabliki. Oddviti fór yfir stöðu framkvæmda.
3. Umhverfisverkefni. Ákveðið að fara í samsvarandi verkefni og undarfarin ár með járna, timbur og sorp gáma.
4. Deiliskipulag, Miðhraun II. Samþykkt í áframhaldandi umsagnarferli.
5. Fyrirspurn frá Einari Ólafssyni vegna lands í eigu hreppsins nálægt Laugargerðisskóla. Vísað til næstu sveitarstjórnar.
6. Umsögn um rekstrarleyfi gististaðar í flokki II frá Hömluholti ehf . Gísli vék af fundi. Samþykkt af hálfu hreppsnefndar. Gísli kemur aftur.
7. Erindi frá Orku náttúrunnar um að fá stæði undir rafbílahleðslu við Breiðablik. Samþykkt að fela oddvita að ræða við ON um úthlutun á stæðum fyrir hleðslustöð.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Katrín Gísladóttir (sign)

Halldór Jónsson (sign)

Gísli Guðmundsson (sign)

Atli Sveinn Svansson (sign)

Eggert Kjartansson (sign)